

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Reykjanesbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar skal ákvarða og innheimta gjöld vegna hirðu og meðhöndlunar úrgangs, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er Reykjanesbæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

2. gr.

Gjöld vegna hirðu og meðhöndlunar úrgangs eru lögð á hverja íbúð í Reykjanesbæ og eru þau innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Gjöldin njóta lögveðsréttar í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

3. gr.

Umhverfis- og framkvæmdasviði Reykjanesbæjar er heimilt samkvæmt gjaldskrá þessari að leggja gjöld á þá aðila sem verða uppvisir að því að fleygja úrgangi á víðavangi eða jarðvegstípp fyrir útlögðum kostnaði við hreinsun.

4. gr.

Fast gjald á hverja íbúðareiningu fyrir rekstur grenndar- og gámastöðva er 13.500 kr.

5. gr.

Breytingagjald er greitt í hvert skipti sem óskað er eftir breytingum á skráningu. Breytingagjald er 4.900 kr.

6. gr.

Heimilum er skylt að flokka úrgang í þá flokka sem tilgreindir eru í 10. gr. laga nr. 55/2003. Gjöld ákvarðast út frá rúmmáli þeirra íláta sem eru við heimili og eru gjöldin sem hér segir:

Rúmmál	Úrgangsflokkur	Gjöld kr. á ári
240 l	Blandaður úrgangur	49.200
660 l	Blandaður úrgangur	135.300
3 m ³	Blandaður úrgangur - djúpgámur	615.000
4 m ³	Blandaður úrgangur - djúpgámur	820.000
5 m ³	Blandaður úrgangur - djúpgámur	1.025.000
140 l	Matarleifar	16.100
3 m ³	Matarleifar - djúpgámur	345.000
4 m ³	Matarleifar - djúpgámur	460.000
5 m ³	Matarleifar - djúpgámur	575.000
240 l	Tvískipt tunna Blandaður úrgangur og matarleifar	40.560
240 l	Pappi og pappír	7.920
660 l	Pappi og pappír	21.780
3 m ³	Pappi og pappír – djúpgámur	99.000
4 m ³	Pappi og pappír – djúpgámur	132.000
5 m ³	Pappi og pappír – djúpgámur	165.000
240 l	Plastumbúðir	7.920
660 l	Plastumbúðir	21.780
3 m ³	Plastumbúðir – djúpgámur	99.000
4 m ³	Plastumbúðir – djúpgámur	132.000
5 m ³	Plastumbúðir – djúpgámur	165.000

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjanesbæjar, staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og skv. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 9. janúar 2024.

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri.

—————
B-deild – Útgáfudagur: 23. janúar 2024